

REGLUGERÐ

um (3.) breytingu á reglugerð nr. 241/2006 um greiðsluþátttöku Tryggingastofnunar ríkisins vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sérfræðinga í hjartalækningum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. gr.:

- a. Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. og 2. mgr. kemur: heilbrigðisráðherra.
- b. 3. mgr. orðast svo:
Með sjúkratryggðum einstaklingi er átt við einstakling sem er sjúkratryggður skv. 3. gr. reglugerðar um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, nú reglugerð nr. 1265/2007.

2. gr.

Í stað orðanna „heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra“ í 1. másl. 1. mgr. og 2. mgr. 2. gr. kemur: heilbrigðisráðherra.

3. gr.

Í stað orðanna „5. mgr. 3. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum“ í 2. mgr. 3. gr. kemur: 12. gr. laga nr. 41/2007 um landlækni.

4. gr.

1. másl. 2. mgr. 5. gr. orðast svo: Sjúkratryggður einstaklingur skal greiða komugjald á heilsugæslustöð eða hjá heilsugæslulækni skv. reglugerð um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, nú reglugerð nr. 1265/2007.

5. gr.

Í stað orðanna „nr. 1030/2004 um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu“ í 1. másl. 2. mgr. 7. gr. kemur: reglugerðar um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu, nú reglugerðar nr. 1265/2007.

6. gr.

2. mgr. 9. gr. fellur brott.

7. gr.

Í stað gjaldskrár í fylgiskjali með reglugerðinni kemur meðfylgjandi ný gjaldskrá.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 41. gr. laga nr. 100/2007 um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. febrúar 2008.

Heilbrigðisráðuneytinu, 16. janúar 2008.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Berglind Ásgeirsdóttir.

Fylgiskjal.

**Gjaldskrá
fyrir greiðslubáttöku Tryggingastofnunar ríkisins vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sérfræðinga í hjartalækningum sem eru án samnings.**

Endurgreiðsla Tryggingastofnunar ríkisins

	ÁN AFSLÁTTARKORTS				MEÐ AFSLÁTTARKORT			
	Almennir sjúklingar	Ellli- og örorku- lífeyrisþegar*	Börn yngri en 18 ára	Börn með umönnunarkort	Almennir sjúklingar	Ellli- og örorku- lífeyrisþegar*	Börn yngri en 18 ára	Börn með umönnunarkort
Heiti læknisverks	Hlutur TR kr.	Hlutur TR kr.	Hlutur TR kr.	Hlutur TR kr.	Hlutur TR kr.	Hlutur TR kr.	Hlutur TR kr.	Hlutur TR kr.
Viðtal og skoðun	948	3.103	4.130	4.680	3.103	4.130	4.230	4.680
Viðtal og skoðun ásamt hjartalínuriti (EKG)	1.956	4.559	5.810	6.360	4.559	5.810	5.871	6.360
Ómskoðun á hjarta, ætíð án viðtals	6.408	10.296	11.805	12.480	10.296	11.805	11.805	12.480
Áreynsluhjartaritun með viðtali	6.780	11.527	13.553	14.400	11.527	13.553	13.553	14.400
Óm- og dopplerskoðun af hjarta, ætíð án viðtals	11.016	16.953	19.144	20.160	16.953	19.144	19.144	20.160
Holterpróf, ætíð án viðtals	4.560	5.360	5.560	5.760	5.160	5.560	5.660	5.760

* Ellilífeyrisþegar 70 ára og eldri, örorkulífeyrisþegar, ellilífeyrisþegar 67-70 ára sem nutu örorkulífeyris fram til 67 ára aldurs, ellilífeyrisþegar 60-70 ára sem njóta óskerts ellilífeyris.